

Ed.

246. Frumvarp til laga

[106. mál]

um viðauka við lög nr. 64 2. sept. 1955, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Aftan við 16. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú verður sjóðfélagi að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests, en tekur síðar aftur við starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, og er honum þá heimilt að kaupa sér réttindi fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Þegar svo stendur á, að sjóðfélagi verður sökum heilsubrests að láta af stöðu sinni, en tekur þá eða síðar við léttara og lægra launuðu starfi, má reikna eftirlaun hans af því starfinu, sem hærra var launað. Stjórn sjóðsins getur krafizt vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

Þeir, sem gerðust sjóðfélagar, áður en lög nr. 32 14. maí 1955 tóku gildi, halda rétti þeim, er lög nr. 101 30. des. 1943, 12. gr., veittu þeim til að krefjast greiðslu ellilífeyris úr sjóðnum, er samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum, sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðinn, unz greindu tíma-marki er náð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni fjármálaráðuneytisins, en nm. áskilja sér óbundiú atkvæði um málið. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Um fyrri málsgrein frumvarpsins skal það tekið fram, að reynslan hefur sýnt, að þótt menn í erfiðum opinberum stöðum verði ófærir um að gegna þeim sökum heilsubilunar, geta þeir í mörgum tilfellum gegnt öðrum léttari störfum. Það er þjóðfélaginu nauðsynlegt, að hver maður, sem einhverja starfsgetu hefur, noti hana. Ákvæði málsg. þessarar ætti að ýta undir starfsmenn ríkisins, sem hafa orðið að láta af starfi sínu vegna heilsubrests, að taka við öðrum léttari störfum.

Regla sú, sem síðari málsg. frumvarpsins hefur að geyma, er í fullu samræmi við forsendur hæstaréttar í dómi uppkveðnum 11. des. 1958 í málinu 109/1958: Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra gegn Stefáni Sigurðssyni, en sá dómur snertir lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins með þeim hætti, að reglur hans eru um dómsefnið í fullu samræmi við reglur þær, er gilda um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra. Stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins telur það æskilegt, að regla þessi komi skýrt fram í lögum sjóðsins, og óskar því, að þessi viðauki við þau verði settur.